



## Þingskjal nr. 24

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að árgjald frá aðildarfélögum LH til sambandsins verði kr. 2.300,- á hvern gjaldskyldan félagar, en félagar á aldrinum 18-69 ára greiða árgjald til LH.

### Greinargerð:

Árgjöld LH eru stór hluti af heildartekjum sambandsins á hverju ári og hugsuð til að standa undir stórum hluta af reglulegum rekstri sambandsins.

LH leggur áherslu á að þjóna aðildarfélögum sínum á sem víðtækastan hátt og stefnir áfram á að auka starfsemi sína og þjónustu við aðildarfélögin og hestasamfélagið í heild sinni.

LH hefur á undanförunum árum bætt verulega í þjónustu við félögin, m.a. með því að efla kynningarmál, stuðning við móthaldið og umgjörð hestamennsku sem almennings- og keppnisíþróttar.

Lagt er til að gjaldið verði hækkað í samræmi við verðlagsþróun.